

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka III A með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn-toll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn-tollur kr./kg
Tollskrárn.: <i>Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		86.000		
1602.1001 Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	151
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	151
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.14 - 30.06.15	-	0	210
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.14 - 30.06.15	-	0	210
1602.2019 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.14 - 30.06.15	-	0	210
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	78
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	365
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	365
1602.3109 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	365
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	365
1602.3209 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.14 - 30.06.15	-	0	365
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.14 - 30.06.15	-	0	365
1602.3909 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	115
1602.4101 Úr svinum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.14 - 30.06.15	-	0	940
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.14 - 30.06.15	-	0	789
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.14 - 30.06.15	-	0	940
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.14 - 30.06.15	-	0	653
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	304
1602.5009 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	940
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	265
1602.9019 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.14 - 30.06.15	-	0	940
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.14 - 30.06.15	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.14 - 30.06.15	-	0	89

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. apríl 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.